



Alþýðusamband Íslands

Reykjavík 2. mars 2021

Ályktun miðstjórnar ASÍ vegna Úkraínu

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fordæmir árásir Rússlands á Úkraínu sem eru skýrt brot á alþjóðalögum og sjálfsákvörðunarrétti þjóða. Við styðjum allar friðsamlegar aðgerðir til að þrýsta á Rússa að draga herlið sitt til baka, þar með taldar viðskiptaþvinganir.

Í Úkraínu ríkir nú neyðarástand, vart er við skort á mat og vatni, lyf og aðrar nauðsynjavörur tæmast hratt og fólk býr í stöðugum ótta um eigið líf. Fleiri hundruð þúsunda flýja landið og þurfa skjól og stuðning.

Félagar okkar í verkalýðsfélögum Úkraínu og nágrannaríkjum þess hafa sent ákall til félaga sinna um heim allan um stuðning í orðum og verki. Stéttarfélög hafa breytt sér í mannúðarsamtök sem nýta húsnæði sitt sem flóttamannabúðir og nýta fjármagn sitt til að veita fæði og klæði. Alþýðusamband Íslands hefur ákveðið að veita fé til hjálparstarfs og hvetur aðildarfélög sín til að gera slíkt hið sama. Við hvetjum jafnframt til þess:

- Að fólk taki þátt í mótmælum við stríðsrekstur Rússa í Úkraínu
- Að ríkisstjórn Íslands tali fyrir friðsamlegum lausnum á alþjóðavettvangi og leggi sín lóð á vogarskálarnar til að draga úr stigmögnun átakanna
- Að stjórnvöld á Íslandi veiti Úkraínumönnum sem hér óska verndar, málsmeðferð og vernd og taki þegar í stað á móti hópum kvótaflóttafólks
- Að lífeyrissjóðir okkar dragi til baka fjárfestingar tengdar Rússlandi
- Að ríkisstjórn Íslands styðji áfram viðskiptaþvinganir gegn Rússum
- Að aðildarfélög undirbúi fræðsluefni á ukráínsku um íslenskt samfélag og vinnumarkað en ASÍ mun gera slíkt hið sama.
- Að aðildarfélög leggi til húsnæði ef þörf krefur og þau hafa tök á til að taka við flóttafólki frá stríðshráðum svæðum.